

**Sp. 781. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]**

um bifreiðakaup öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög og reglur um eftirgjöf bifreiðagjalda til öryrkja með það að leiðarljósi að öryrkjar njóti áfram samsvarandi fyrirgreiðslu og þeir hafa haft umfram almenna bifreiðakaupendur varðandi kaup þeirra á bifreiðum.

**Greinargerð.**

Eftir þá almennu tollalækkun, sem orðið hefur á bifreiðum, er ljóst að þau sérstöku kjör, sem öryrkjar hafa notið umfram almenna bifreiðakaupendur, eru nú nær því úr sögunni. Sannast það best á þeim upplýsingum fjármálaráðherra að öryrkjar fái aðeins 25 þús. kr. aukalega í eftirgjöf og því borið við m.a. að lög heimili ekki meira. Möguleikar öryrkja til að njóta eðlilegs lífs, stunda vinnu við sitt hæfi o.s.frv. ráðast óneitanlega mjög af því hvort þeir eiga og hafa til umráða eigin bifreið. Þetta hefur verið viðurkennt af löggjafanum sem félagslegt réttlætismál þessu fólki til handa og áfram ber að vinna í þeim anda.

Aðstæður öryrkja eru enda þær í dag að sjaldan hefur verið meiri nauðsyn en nú að viðhalda áður fengnum réttindum þessa fólks.

Fjármálaráðherra hefur m.a. bent á að eðlilegt gæti verið að fella mál þetta inn í hið almenna tryggingakerfi með einhverjum hætti og ber vissulega að skoða þá leið. En fyrst og síðast ber að tryggja það að þessi ákveðnu hlunnindi, sem öryrkjar hafa notið umfram aðra, megi haldast áfram í einhverju formi. Því er tillaga þessi flutt.